

Lög

Nr. 44.

26. okt.

um

breyting á lögum nr. 49, 10. nóv. 1913, um eignarnámsheimild fyrir
bæjarstjórn Ísafjarðar á lóð og mannvirkjum undir hafnarbryggju.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

1. gr. laga nr. 49, 10. nóv. 1913, orðist svo:

Bæjarstjórn Ísafjarðar veitist heimild til að láta eignarnám fara fram á lóð og mannvirkjum undir hafnarbætur, hafnarkví og hafnarbryggjur, og byggingar og svæði, er þörf er á í sambandi við hafnarbæturnar.

2. gr.

3. gr. laga nr. 49, 10. nóv. 1913, falli niður.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 26. október 1917.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sigurður Jónsson.